

Nd.

1072. Nefndarálit

[457. mál]

um frv. til 1. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur á mörgum fundum fjallað ítarlega um frumvörpin þrjú sem gerðu ráð fyrir því að breyta Framkvæmdastofnun í þrjár stofnanir. Frumvörpin eru öll illa undirbúin frá tæknilegu sjónarmiði. Sést það best á því að meiri hl. nefndarinnar neyðist til þess að flytja sjálfur margar breytingartillögur við frumvörpin. Í nefndaráliti um frv. til 1. um Bygðastofnun gerir 2. minni hl. grein fyrir álitinu á frumvörpunum í heild. Hér verður því ekki um ítarlega efnisumfjöllun að ræða í þessu nefndaráliti enda eru frumvörpin í raun til meðferðar samtímis.

Frumvarpið um Framkvæmdasjóð gerir ráð fyrir því að sjóðurinn starfi áfram með sjálfstæðum hætti. Hér er því ekki verið að leggja niður starfsemi ríkisstofnunar eða að draga úr henni á nokkurn hátt eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa látið í veðri vaka.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir aukinni miðstýringu embættismannavaldsins. Þar segir að embættismenn eigi að annast alla stjórn sjóðsins, þ. e. sérlegir fulltrúar fjármálaráðherra, forsætisráðherra og Seðlabankans. Þessu ákvæði mótmælir 2. minni hl. sérstaklega. Þess vegna flytur hann breytingartillögu um að sjóðnum verði kosin stjórn á Alþingi.

Þá bendir 2. minni hl. á að eðlilegt er að ráða forstöðumann Framkvæmdasjóðs til takmarkaðs tíma í samræmi við önnur lagaákvæði sem hafa verið afgreidd á síðustu þingum um forstöðumenn ríkisstofnana.

Fluttar verða breytingartillögur um þetta efni af undirrituðum. Fallist meiri hl. þingsins hins vegar ekki á þessar breytingartillögur mun 2. minni hl. ekki taka þátt í atkvæðagreiðslum um frumvarp þetta.

Meiri hl. hefur lagt fram nokkrar breytingartillögur. Meðal annars gerir hann ráð fyrir því að felld verði niður úr frv. 2. málsgrein 4. gr. sem fjallar um húseign Framkvæmdastofnunar ríkisins. Meiri hl. nefndarinnar hefur fullyrt að ríkisstjórnin hafi viljað og vilji ganga svo frá hnútunum að Bygðastofnun fái örugglega helming húseignar Framkvæmdastofnunar. Gengur minni hl. út frá því að það sé tryggt eftir yfirlýsingar formanns nefndarinnar.

Þá gerir meiri hl. ráð fyrir því að 3. málsg. 4. gr. falli niður, en þar segir svo:

„Hinn 1. janúar 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjareign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum.“

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnarliðinu virðist ríkisstjórnin nú hafa fallið frá öllum hugmyndum um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins. Er þetta undarlega frumvarpsákvæði því felld niður.

Loks skal þess getið að spurt var um eignir Mótvirðissjóðs í nefndinni. Engar upplýsingar komu fram um heildarstöðu sjóðs þessa sem upphaflega var stofnaður með Marshall-fé. En hins vegar greindi starfsmaður Framkvæmdastofnunar frá því að sjóðinn væri ekki hægt að leggja niður né heldur að sameina hann Framkvæmdasjóði nema spyrja Bandaríkjamenn leyfis. Hlýtur þetta að vera mál sem Alþingi verður að taka til sérstakrar athugunar.

Alþingi, 31. maí 1985.

Svavar Gestsson.